

Örsögur

Gunnar bjó til snjókarl á föstudaginn.

1. Hvað heitir strákurinn í sögunni?
2. Hvað bjó hann til?
3. Hvaða dag bjó hann til snjókarlinn?
4. Hvort heldur þú að það hafi verið vetur eða sumar?
5. Af hverju heldur þú að það hafi verið vetur eða sumar?

Pabbi bjó til skúffutertu með súkkulaðikremi á sunnudaginn. Á þriðjudag var búið að borða alla kökuna.

1. Hvað bjó pabbi til?
2. Hvaða dag bakaði hann kökuna?
3. Hvaða dag var kakan búin?
4. Hvort þurfti að baka eða sjóða kökuna?

Ásta las sögu fyrir krakkana í samverustund á leikskólanum. Sagan var um kisu, stelpu og strák.

1. Hvað heitir konan í sögunni?
2. Hvað var hún að gera?
3. Um hvað var sagan?
4. Hvar vinnur Ásta?

Mamma keypti bláan bíl á mánudaginn.

1. Hvað keypti mamma?
2. Hvernig var bíllinn á litinn?
3. Hvaða dag keypti mamma bílinn?
4. Hvað heldur þú að hún hafi ætlað að gera við bílinn?

Pétur hitti Eddu í gær. Hún var með hund í bandi.

1. Hver hitti Eddu?
2. Hvenær hitti Pétur Eddu?
3. Hvaða dýr var Edda með?
4. Var hundurinn laus?
5. Hvað heldur þú að Edda hafi verið að gera við hundinn?

Á sunnudaginn fór Óskar í heimsókn til ömmu sinnar. Hún gaf honum mjólk og köku.

1. Hvað heitir strákurinn í sögunni.
2. Hvern fór hann að heimsækja?
3. Hvaða dag fór Óskar til ömmu sinnar?
4. Hvað gaf amma Óskari?